

Athugasemdir vegna breytingar á aðalskipulagi Norðurlands Norðurlands vegna fyrirhugaðs vindorkuvers á Hólaheiði

Ég vil leggja fram eftirfarandi athugasemdir vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Norðurlands vegna vindorkuvers á Hólaheiði. Mínar athugasemdir snúa helst að ásýnd og stærð vindmyllugarðsins, röskun á landi og fórnarkostnaði samfélagsins.

Fram kemur í kafla 2.2 í skýrslu Eflu um breytinguna á aðalskipulagi Norðurlands að staðsetning fyrirhugaðs vindorkuvers á Hólaheiði uppfylli helstu kröfur sem gerðar eru til svæða m.t.t. vindorkuframléiðslu. Þessar kröfur eru m.a. fjarlægð frá mannabústöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum. Engu að síður er fyrirhugað vindorkuver einungis 6,5 km frá Kópaskeri og enginn sem fer um svæðið, hvorki íbúar né ferðamenn, munu komast hjá því að sjá vindmyllurnar svo gott sem öllum stundum. Á íbúafundi á Kópaskeri 14. júní kom fram að vindmyllurnar muni svo að segja sjást af allri Sléttu, enda er hún flatlend og víðsýni mikið. Ég tel að í skýrslunni sé lítið gert úr nálægð við byggðina á Kópaskeri og Melrakkasléttu og útivistarsvæði og ferðaleiðir fólks sem þar býr. Einnig finnst mér furðu lítið gert úr þeim sjónrænu áhrifum sem 40 200 m háar vindmyllur myndu hafa á Melrakkasléttu. Víðsýnið á svæðinu, bæði til lands og sjávar, eru gæði í sjálfu sér og óhjákvæmilegt að svo hár og mikill vindmyllugarður rýri þau gæði allverulega enda engin önnur mannvirki á öllu svæðinu í viðlíka stærðarskala og þessar vindmyllur. Einnig má nefna að um Melrakkasléttu liggur ferðamannaleiðin Norðurstrandarleið sem Markaðsstofa Norðurlands hefur unnið að því að koma á fótinn undanfarin ár. Vindorkuverið myndi sjást af þeirri leið og hafa áhrif á upplifun fólks af svæðinu.

Í kafla 4.3 í skýrslunni segir að stóriðja renni „styrkari stoðum undir atvinnulíf og búsetu á þeim hluta sveitarfélagsins þar sem fólksfækkun hefur verið undanfarin ár“. Í þessu samhengi má benda á að fólki hefur ekki fækkað svo nokkru nemur á Kópaskeri á liðnum árum, en íbúar Kópaskers voru 126 árið 2010 en 121 árið 2019 og útlit fyrir að þeim fjölgi frekar nú með tilkomu sílaeldisstöðvar á Kópaskeri. Það má raunar segja um hvaða starfsemi sem er að hún renni stoðum undir atvinnulíf og búsetu ef henni fylgja einhver störf en fyrirhuguðu vindorkuveri fylgja í raun sárafá störf, efekki síst miðað við umfang verkefnisins og afleiðingar fyrir svæðið og samfélagið. Það má allt eins vera að vindorkuverið fæli íbúa af svæðinu og dragi úr aðdráttarafli þess sem ferðamannasvæðis.

Stærð vindorkugarðsins og hæð vindmyllanna er áhyggjuefni í sjálfu sér. Fram kemur í skýrslu Eflu að fyrirhugað iðnaðarsvæði sé 33 km² og að vindmyllurnar yrðu allt að 40 og hæð þeirra um 200 metrar, en þær yrðu staðsettar í 100-170 m hæð yfir sjávarmáli. Svo há mannvirki og mörg yrðu í mikilli andstöðu við náttúruleg fyrirbæri og önnur mannvirki á Melrakkasléttu. Í kafla 3.3 um röskun lands kemur fram að aðeins hluti iðnaðarsvæðisins verði fyrir raski eða beinum áhrifum af framkvæmdunum, en sú fullyrðing er í hæsta máta furðuleg. Það er ansi mikil rörsýni að líta bara á fermetrana sem vindmyllurnar standa á sem raskað land því að þær myndu breyta heildarsvipmóti og landslagsheild svæðisins svo um munar, og í raun gætir áhrifanna langt út fyrir mörk iðnaðarsvæðisins sjálfs, m.a. á skilgreindu víðerni á Melrakkasléttu miðri (sjá aðalskipulag Norðurlands, kafla 21.1.2). Og 33 km² er ekki lítið svæði. Til samanburðar er Mývatn 37 km², Háslón 57 km², Hágöngulón 37 km². Það hlýtur að þurfa að líta á iðnaðarsvæðið allt sem raskað land rétt eins og landsvæði sem fer undir virkjunarlón. Þá eru ótalin þau umhverfisáhrif sem háspennulínur frá safnstöð á iðnaðarsvæðinu og að tengivirki við Kópasker munu hafa.

Í kafla 3 og 3.1 um sýnileika kemur fram að setja þurfi ljósabúnað efst á vindmyllurnar til aðvörunar fyrir flugumferð. Það segir sig sjálft að ljósabúnaður mun stórauka sýnileika vindmyllanna, ekki síst í myrkri, og valda þá ljósmengun á svæðinu. Í sýnileikagreiningunni sem kynnt var á íbúafundi á

Kópaskeri var ekki minnst á þessi ljós en það liggur í augum uppi að greina þurfi sjónrænu áhrifin í myrkri líka, ekki bara í birtu.

Fram kemur í kafla 2.3 að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt Melrakkaslétta alla til á B hluta náttúruminjaskrár, þar með talið fyrirhugað iðnaðarsvæði. Ennfremur kemur fram að innan iðnaðarsvæðisins séu svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013, þ.e. nútímahraun. Í 61. gr., 3. mgr. sömu laga stendur að forðast skuli að raska þessum svæðum nema „brýna nauðsyn beri til“, og í aðalskipulagi Norðurlands er einnig tekið fram að forðast skuli að raska þessum svæðum. Það er ekki að ástæðulausu sem Náttúrufræðistofnun leggur til vernd Melrakkaslétta í heild; svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og einstakt á landsvísi á ýmsan hátt, en Melrakkasléttan flokkast sem lág-arktískt svæði (norðurslóðir) m.t.t. veðurfars og gróðurfars. Á undanförunum árum hefur Rannsóknastöðin Rif á Raufarhöfn unnið að því að efla rannsóknir og vöktun á vistkerfi norðurslóða á Melrakkaslétta og er svæðið farið að vekja athygli vísindamanna víða um heim. Í skýrslu Eflu er hvergi að finna rökstuðning fyrir brýnni nauðsyn þess að farið sé í uppbyggingu svo stórs vindorkuvers á Hólaheiði að bragur og ásýnd allrar Melrakkaslétta gerbreytist. Raunar er mjög lítið að finna nokkurs staðar um þörfina - brýna eður ei - á 200 MW vindorkuveri á Hólaheiði. Er réttlætanlegt að færa verulegan fórnarkostnað fyrir virkjun sem engin bein þörf er á?

Í framhaldi af þessu má spyrja hvert markmið framkvæmdarinnar er. Samkvæmt kafla 1.1 í skýrslu Eflu er markmið með fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi að auka framboð endurnýjanlegrar orku á Íslandi. Í aðalskipulagi Norðurlands er ekkert fjallað um endurnýjanlega orku eða framleiðslu hennar í sveitarfélaginu. Það er óljóst hver hefur þetta markmið – sveitarfélagið eða framkvæmdaaðilinn? Íslendingar eru nú þegar heimsmeistarar í framleiðslu endurnýjanlegrar orku en hvergi á byggðu bóli er framleidd jafn mikil raforka á haus og á Íslandi og svo gott sem 100% raforkuframleiðslu er nú þegar með endurnýjanlegum orkugjöfum¹. Er nauðsynlegt að auka enn frekar framboð endurnýjanlegrar orku? Á íbúafundi á Kópaskeri hélt fulltrúi Qair Iceland því fram að orkuskortur ríkti á Íslandi. Þetta er auðvitað kolrangt, líkt og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur hefur ítrekað bent á². Orkufrekasta þjóð heims býr ekki við orkuskort og það er fásinna að halda slíku fram. Hins vegar er *mögulegt* að framleiða hér enn meiri raforku, en þessum *möguleika* má ekki rugla saman við *nauðsyn* eða *þörf*. Líta verður á fullyrðingar fulltrúa Qair Iceland um raforkuskort sem skrum og fortölur og Norðurland getur ekki haft það sem markmið að leysa ímyndaðan raforkuskort. Ég vísa aftur í 61. gr. náttúruverndarlaga um að forðast skuli að raska svæðum sem njóta sérstakrar verndar „nema brýna nauðsyn beri til“.

Gróðamöguleikarnir í framleiðslu á endurnýjanlegri raforku eru að sjálfsögðu fyrir hendi en gróðinn af 200 MW vindorkuveri á Hólaheiði mun ekki falla í skaut fólksins á Kópaskeri og nærsvæðum né Norðurlands heldur erlendis fyrirtækis sem hefur einsett sér að vaxa gríðarlega á komandi árum. Fram kom í máli fulltrúa Qair Iceland að kostnaðurinn við byggingu vindorkuvers á Hólaheiði - með öllu - yrði á að giska 35 milljarðar. Til samanburðar kom fram á fundinum að Norðurland fengi á að giska 25 milljónir á ári í fasteignagjöld af virkjuninni, sem er hlægilegt í besta falli. Hvað ætli Qair Group græði á vindorkuverinu þegar rafmagnið verður komið í sölu?

Einnig er vissulega þörf á því að efla raforkuöryggi á Íslandi með betra flutnings- og dreifikerfi, en vindorkuver á Hólaheiði tekur ekki á þeim vanda þó ýjað hafi verið að því á íbúafundi á Kópaskeri, né heldur getur Norðurland sett Qair Iceland þau skilyrði að orkan verði nýtt í heimabygg. Það er væntanlega orkufyrirtækisins sjálfs að finna kaupendur að orkunni, ekki Norðurlands, og ekkert sem skuldbindur það til að selja raforkuna innan svæðisins. Fulltrúi Qair Iceland nefndi sjálfur þann möguleika að selja orkuna til að knýja gagnaver.

¹ Sjá <https://orkustofnun.is/gogn/Talnaefni/OS-2021-T008-01.pdf>

² Sjá <https://www.or.is/um-or/fyrir-fjolmidla/frettir/meiri-likur-offrambodi-en-skorti-rafmagni/>

Í kafla 4.3 um aðalskipulag Norðurþings kemur fram að sveitarfélagið Norðurþing hafi enga stefnu er varðar nýtingu vindorku, að minnsta kosti ekki í aðalskipulagi. Engu að síður virðist Norðurþing tilbúið til að heimila byggingu gríðarlega stórs vindorkuvers með lítinn sem engan beinan ávinning fyrir samfélagið næst virkjuninni, vindorkuvers sem myndi gjörbreyta ásýnd og yfirbragði svæðisins og sjást af Melrakkaslétu allri. Er það ekki óvarlega farið? Er ekki þörf á að marka svo stórum iðnaði stefnu, ef markmiðið er að virkja í sátt við náttúru og samfélag eins og talað er um í Landsskipulagsstefnu?

Fyrirhugað 200 MW vindorkuver á Hólaheiði er gríðarlega stór framkvæmd í samhengi við smæð samfélagsins á svæðinu. Það myndi breyta ásýnd og heildaryfirbragði Melrakkaslétu svo um munar og íbúar Kópaskers hefðu það fyrir augunum jafn nótt sem dag. Vindorkuverið gæti hæglega dregið úr aðdráttarafli Melrakkaslétu sem afskekkt, einstaks svæðis, bæði fyrir vísindamenn og ferðamenn. Fórnarkostnaður samfélagsins yrði hár en ávinningurinn varla nokkur nema örfá störf, ef þá það, og hlægilega fáar milljónir í fasteignagjöld. Engin trygging er fyrir því að raforkan sem virkjunin framleiddi yrði nýtt á nærsvæði virkjunarinnar og þessi framkvæmd hefur ekkert með afhendingaröryggi raforku á svæðinu að gera. Engin raunveruleg þörf er á því að reisa 200 MW vindorkuver á Íslandi eins og stendur, hvorki á Hólaheiði né annars staðar. Þörfin er einungis framkvæmdaaðilans, erlends fyrirtækis sem sér gróðavon í því að hasla sér völl í framleiðslu vindorku á Íslandi.

Ég mótmæli því að Norðurþing samþykki fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi og vona að sveitarfélaginu beri gæfa til að styðja byggðina á Kópaskeri og Raufarhöfn með öðrum hætti en vindorkuveri sem litlum ávinningi skilar fyrir samfélagið.